

Alþingi
Erindi nr. P 136/1037
komudagur 5.3.2009

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 4. mars 2009
Tilvísun: UST20090200116/sá

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn-258. mál.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2009 var Umhverfisstofnun sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Í 33. gr. frumvarpsins er fjallað um aukaafurðir dýra. Ákvæðið er sett til innleiðingar reglugerð (EB) nr. 1774/2002 um sama efni. Segir í 3. ml. 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins að ef aukaafurðir dýra teljist til úrgangs gildi um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í almennum athugasemdum, kafla V. bls. 36 segir að samkvæmt reglugerð (EB) 1774/2002 verði íslensk yfirvöld skuldbundin til þess að farga úrgangi sem tilkominn er vegna riðu með brennslu. Jafnframt verði að álykta svo að yfirvöldum sé skylt að sjá til þess að slík aðstaða sé fyrir hendi en svo sé ekki hér á landi. Í athugasemdum með 33. gr segir enn fremur að hafa verði í huga að reglur um eyðingu úrgangs sem eigi sér stað í brennslustöðvum lúti valdsviði umhverfisráðuneytisins og eftirliti Umhverfisstofnunar. Í kostnaðarmati sem fylgir frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir kostnaði við að útvega þá aðstöðu sem gert er ráð fyrir í athugasemdum með frumvarpinu. Í bréfi sem samráðshópur um kaup á færanlegum brennsluofni sendi sóttvarnalækni þann 26. september 2008, sbr. fylgisjal dags. 15. ágúst 2008, kemur fram að kostnaður við kaup á slíku tæki sé um 21,4 m. kr. miðað við gengi bandaríkjadollars sem þá var 92 kr. Ekki liggur fyrir mat á rekstrarkostnaði tækisins. Meðfylgjandi er bréf samráðshópsins ásamt fylgigögnum. Einnig er meðfylgjandi svar Sóttvarnalæknis til formanns hópsins, dags. 20. nóvember 2008. Ljóst er að ekki verða starfræktar brennslustöðvar innan hvers sóttvarnarsvæðis og því er nauðsynlegt að hafa færanlega brennslustöð til taks svo ekki komi til óæskilegs flutnings slíks úrgangs yfir varnarlínur. Umhverfisstofnun telur með vísun til þess sem að framan segir að ekki sé unnt að framfylgja 33. gr. frumvarpsins, verði það að lögum, nema gert verði ráð fyrir kostnaði við kaup og rekstri á færanlegri brennslustöð.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Arnadóttir


Sigrún Agústs dóttir